

Velferðarnefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr.65/1974 (afglæpavæðing neytluskammta). Þingskjal 1193, 714. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974
(afglæpavæðing neysluskammta). Þingskjal 1193, 714. mál.

Almennt

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun með Frú Ragnheiði á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt varðandi ýmis hagsmunamál fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar auk þess að sinna stoðhlutverki við stjórnvöld.

Umsögn um áformin

Rauði krossinn fagnar því að heilbrigðisráðherra hafi lagt fram frumvarp um afgangavæðingu á kaupum og vörslu neysluskammta og styður þær breytingar á löggjöfnni sem þar eru lagðar fram. Rauði krossinn styður þá stefnu að meðhöndla eigi vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en í dómskerfinu.

Rauði krossinn tekur undir þann rökstuðning sem kemur fram í frumvarpinu um kosti þess að kaup og varsla á neysluskömmtum efna sem bönnuð er á íslensku forráðasvæði, skv. 1. mgr. 2. gr. sbr. 6. gr. laganna, ásamt svokallaðra lyfjaseðilsskyldra lyfja, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, verði gerð refsilaus. Rauði krossinn styður sérstaklega þá breytingu að kaup á neysluskömmtum verði einnig afgangavædd, sem er óhjákvæmilegur þáttur vímuefnanotenda til að útvega sér efni í flestum tilvikum.

Rauði krossinn fagnar því að magn ávana- og fíkniefna, sem teljast skuli til eigin nota, verði skilgreint í reglugerð fremur en í lögnum sjálfum, enda verður þannig auðveldara að bregðast við breyttum aðstæðum án þess að lagabreyting þurfi að koma til.

Félagið fagnar því að við gerð reglugerðar um skilgreiningu á stærð neysluskammta skuli vera haft samráð við notendur svo rammi verði myndaður sem sé í samræmi við aðstæður á Íslandi. Í ljósi þeirra ráðagerða að setja á laggirnar notendasamráð, þar sem fulltrúar velferðarþjónustu, lögreglunnar, ráðuneytis heilbrigðismála og frjálsra félagasamtaka skulu eiga sæti, vill félagið ítreka mikilvægi þess að fá notendur að borðinu en ekki einungis málsvara þeirra í formi frjálsra félagasamtaka þar sem engin eiginleg notendasamtök er að finna hérlendis.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að funda með velferðarnefnd Alþingis til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins, sé þess óskað.